

# STOFNUN ÁRSINS 2012

Sérblað



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU



# Stofnanir ársins 2012

Stofnanir ársins eru þrjár að þessu sinni því í ár er valið um Stofnun ársins í þremur flokkum í stað tveggja áður. Flokkarnir eru stórar stofnanir sem hafa 50 starfsmenn eða fleiri, meðalstórar stofnanir þar sem eru 20-49 starfsmenn og litlar stofnanir með 20 starfsmenn eða færri.

Í flokki stórra stofnana bar Sérstakur saksóknari sigur úr bytum með einkunnina 4,442, en hann var einnig sigurvegari í Stofnun ársins í fyrra. Þá eru Landmælingar Íslands Stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana með

einkunnina 4,527 og Persónuvernd í flokki lítilla stofnana með einkunnina 4,745. Hástökkvarinn í ár er Sýslumaðurinn í Borgarnesi, en hann hækkaði sig mest á milli ára.

Hástökkvarinn var eins og áður sagði Sýslumaðurinn í Borgarnesi en sú stofnunin hækkaði úr raðeinkunn 30 í 96 eða um 66 sæti og er nú í 8. sæti á heildarlista yfir allar stofnanir, en í 5. sæti á lista yfir litlar stofnanir (með færri en 20 starfsmenn).

Í stærsta flokknum þar sem eru stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri voru valdar fimm fyrirmyndarstofnanir, en þær eru Sérstakur saksóknari sem jafnframt er Stofnun ársins, næstar koma Umferðarstofa, Ríkisskattstjóri, Frihöfnin og Mátis. Í flokknum meðalstórra stofnanir voru valdar þrjár fyrirmyndarstofnanir. Þær eru Landmælingar Íslands sem jafnframt er Stofnun ársins, í öðru sæti Skipulagsstofnun og Skattrannsóknarstjóri ríkisins í þriðja sæti. Í flokknum litlar stofnanir voru einnig valdar þrjár fyrirmyndarstofnanir en þær eru Persónuvernd sem jafnframt er Stofnun ársins, Sýslumaðurinn á Siglufirði og Blindrabókasafn Íslands.

SFR, stéttarfélag í almannajónustu, óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur og óskar þeim öllum bjartar framtíðar.

## TILGANGUR

Tilgangur könnunarinnar „Stofnun ársins“ er nú líkt og áður að veita stjórnendum aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk og benda þeim með markvissum hætti á hvaða úrbóta er þörf. Erfiðar ytri aðstæður eru fyrir rekstur margra stofnana. Aldrei reynir meira á hæfni stjórnenda en á slíkum tímum. Mælingar á frammistöðu stofnana á þessum tímum og á þessu sviði eru nauðsynlegar. Með þessu móti fá starfsmenn og stjórnendur kærkomnar upplýsingar til að meta frammistöðu sinnar stofnunar. Niðurstöðurnar gefa mikilvægan samanburð við aðrar stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. Könnunin hefur verið samstarfsverkefni SFR og VR og nú í ár er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar einnig með. Á næstu síðum og á [www.sfr.is](http://www.sfr.is) er fjallað nánar um niðurstöður könnunarinnar.

## FRAMKVÆMD

Framkvæmd könnunarinnar „Stofnun ársins“ var með sambærilegu sniði í ár og í fyrra og var fjármálaráðuneytið einnig, eins og síðasta ár, í samstarfi við SFR um Stofnun ársins. Heildarfjöldi stofnana sem komst á blað í ár var 172 en var 170 í fyrra. Svarhlutfall í könnuninni er 53% og byggja niðurstöðurnar á rúmlega 8.500 svarendum en byggðu á tæplega 8.700 svarendum í fyrra. Könnunin náði til allra félagsmanna SFR sem voru í 50% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn SFR í a.m.k. fjóra mánuði.

## Stofnun ársins – sérrit

### Ábyrgðarmaður:

Árni Stefán Jónsson

### Umsjón:

Sólveig Sigr. Jónasdóttir

### Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



### SFR stéttarfélag í almannajónustu

Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Sími: 525 8340

Bréfasími: 525 8349

Netfang: [sfr@sfr.is](mailto:sfr@sfr.is)

Veffang: [www.sfr.is](http://www.sfr.is)

Skrifstofan er opin

mán.- fös. kl. 9:00-16:00

ISSN númer 1670-5874

Forsíða: Kristín María Ingimarsdóttir

Til þess að stofnun væri tekin með í greiningunni á Stofnun ársins 2012 þurfti fjöldi svarenda að ná ákveðnu lágmarki. Sú krafa var gerð að svarhlutfall væri um 35% frá hverri stofnun. Auk þess var miðað við að lágmarkið væri 4 svarendur hjá minnstu stofnunum, þ.e. með færri en 20 starfsmenn, en lágmarkið væri 6 starfsmenn hjá stofnunum með 20 til 49 starfsmenn. Hjá stofnunum með 50 starfsmenn eða fleiri þurftu að lágmarki 10 starfsmenn að hafa sent svör sín til Capacent Gallup.

**STOFNUN ÁRSINS**

Eins og áður sagði komust 172 stofnanir á lista í ár, tveimur fleiri en í fyrra. Meðal-einkunn allra stofnana sem eru á lista yfir stofnun ársins er 3,86 og hækkar lítillega frá í fyrra, en þá var einkunnin 3,83.

Af þáttunum átta fékkst hæsta einkunn á þættinum „Sjálfstæði í starfi“ (4,23) en lægsta einkunn fékkst á þættinum „Launakjör“ (2,74). Há einkunn mældist á þættinum „Sveigjanleiki vinnu“ (4,18), „Starfsandi“ (4,13) og „Ánægja og stolt“ (4,11). Lítið eitt lægri einkunnir mældust á þáttunum „Vinnuskilyrði“ (3,88), „Trúverðugleiki stjórnenda“ (3,83) og „Ímynd stofnunar“ (3,76).

Eins og sjá má í töflu 1 hækkuðu einkunnir á flestum þáttum milli ára. Mest hækkun varð á þættinum „Sveigjanleiki vinnu“ en mesta lækkun varð á þættinum „Vinnuskilyrði“. Líkt og áður er stofnunum skipt eftir fjölda starfsmanna. Í ár var gerð sú breyting að stofnunum var skipt í þrennt eftir stærð. Minnstu stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með færri starfsmenn en 20, stofnanir af millistærð eru skilgreindar sem stofnanir með 20 eða fleiri starfsmenn en færri en 50 og stórar stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn.

Í hópi minnstu stofnanna (4-19 starfsmenn) fékk Persónuvernd hæstu heildareinkunn, eða 4,75. Í öðru sæti var Sýslumaðurinn á Siglufirði með einkunnina 4,66. Í þriðja sæti var svo Blindrabókasafn Íslands með 4,61. Í hópi millistórra stofnanna (20-49 starfsmenn) fengu Landmælingar Íslands hæstu einkunn, eða 4,53. Í öðru sæti var Skipulagsstofnun með einkunnina 4,40 og Skattrannsóknarstjóri var í þriðja sæti með einkunnina 4,30.

Í hópi stærstu stofnanna (50 starfsmenn eða fleiri) fékk Sérstakur saksóknari hæstu einkunn, eða 4,44. Í öðru sæti var Umferðarstofa, með einkunnina 4,36. Í þriðja sæti var svo Ríkisskattstjóri með einkunnina 4,28.

# Helstu niðurstöður

**ÁNÆGJA EYKST LÍTILLEGA Á MILLI ÁRA**

Eins og áður sagði komust 172 stofnanir á lista í ár, tveimur fleiri en í fyrra. Meðal-einkunn allra stofnana sem eru á lista yfir stofnun ársins er 3,86 og hækkar lítillega frá í fyrra, en þá var einkunnin 3,83. Af þáttunum átta fékkst hæsta einkunn á þættinum „Sjálfstæði í starfi“ (4,23) en lægst einkunn fékkst á þættinum „Launakjör“ (2,74). Há einkunn mældist á þættinum „Sveigjanleiki vinnu“ (4,18), „Starfsandi“ (4,13) og „Ánægja og stolt“ (4,11). Lítið eitt lægri einkunnir mældust á þáttunum „Vinnuskilyrði“ (3,88), „Trúverðugleiki stjórnenda“ (3,83) og „Ímynd stofnunar“ (3,76). Eins og sjá má í töflu 1 hækkuðu einkunnir á flestum þáttum milli ára. Mest hækkun varð á þættinum „Sveigjanleiki vinnu“ en mesta lækkun varð á þættinum „Vinnuskilyrði“.

**STARFSMENN MINNI STOFNANA ÁNÆGÐARI AÐ VANDA**

Líkt og áður er stofnunum skipt niður eftir fjölda starfsmanna. Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifaþáttur á líðan

og viðhorf starfsfólks vegna þess að með aukinni stærð vinnustaða verður samhæfing ólíkra þátta í starfsemi flóknari. Einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegri stjórnun og skipulag en minni vinnustaðir sem aftur hefur margvísleg áhrif á samskipti og stjórn fólks á aðstæðum. Í ár var gerð sú breyting á að stofnunum var skipt í þrennt eftir stærð. Minnstu stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með færri starfsmenn en 20, stofnanir af millistærð eru skilgreindar sem stofnanir með 20 eða fleiri starfsmenn, en stórar stofnanir eru með fleiri en 50 starfsmenn.

Minnstu stofnanirnar fengu hærri útkomu á flestum þáttum. Líkt og fyrir ári munar mestu á launakjörum, sveigjanleika og vinnuskilyrðum stofnana, minni stofnunum í hag. Á þættinum „Starfsandi“ er niðurstaða minnstu og stærstu stofnana álíka há, en stofnanir með 20-49 starfsmenn komu best út. Ánægja og stolt er álíka há hjá minnstu stofnunum (færri en 20 starfsmenn) og millistórum stofnunum (20-49

tafla 1: Einkunn á átta þáttum fyrir stofnanir sem komust á lista – 2012 og 2011

	2012	2011
Heildarmeðaltal	3,86	3,83
Trúverðugleiki stjórnenda	3,83	3,78
Starfsandi	4,13	4,15
Launakjör	2,74	2,67
Vinnuskilyrði	3,88	3,94
Sveigjanleiki vinnu	4,18	4,09
Sjálfstæði í starfi	4,23	4,22
Ímynd stofnunar	3,76	3,76
Ánægja og stolt	4,11	4,09

tafla 2: Einkunn á þáttum eftir stærð stofnana

	Stofnanir á lista með færri en 20 starfsmenn	Stofnanir á lista með 20 til 49 starfsmenn	Stofnanir á lista með 50 starfsmenn eða fleiri
Heildarmeðaltal	4,02	3,93	3,77
Trúverðugleiki stjórnenda	4,04	3,93	3,72
Starfsandi	4,11	4,17	4,12
Launakjör	3,02	2,81	2,62
Vinnuskilyrði	4,09	4,00	3,75
Sveigjanleiki vinnu	4,37	4,29	4,06
Sjálfstæði í starfi	4,33	4,26	4,18
Ímynd stofnunar	3,92	3,71	3,73
Ánægja og stolt	4,19	4,19	4,05

Starfsstétt	Fjöldi svara	Heildareinkunn
Stjórnendastarf	347	3,9
Sérfr. með háskólanám	83	3,7
Sérhæft starfsfólk	490	3,7
Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar	180	3,9
Skrifstofustarf	880	3,8
Skrifstofustarf v. afgreiðslu	146	3,8
Sölu- eða afgreiðslustarf	103	4,0
Annað en ofantalið	88	3,8

starfsmenn), en lægst hjá stórum stofnunum (50 starfsmenn eða fleiri).

### SVEIGJANLEIKI EYKST

Ef einungis eru skoðaðir SFR félagar eru helstu niðurstöðurnar þær að sveigjanleiki starfsfólks eykst. Fleiri segja nú að þeir hafi svigrúm til að útrétta í vinnutímanum. Þeir sem segja „alltaf“ eða „oftast“ fjölga úr 77% í 82%. Fleiri segja nú að þeir geti „alltaf“ eða „oftast“ farið úr vinnu með litlum fyrirvara en fyrir ári. Minnst er ánægja með sveigjanleika í hópi fólks í „löggæslu, dómstólum og fangelsum“ og í „verslunar- og sölustörfum“, en mest ánægja í hópi þeirra sem teljast til „annarrar opinberrar þjónustu.“

### ÁNÆGJAN VEX MEÐ ALDRINUM

Ánægja með marga þætti í starfsumhverfinu vex með aldri svarandans. Þó er sambandið oft á þann veg að þeir sem eru 30

ára eða yngri eru oft ánægðir, en svo dregur heldur úr ánægju þar til 50 ára aldri er náð, en þá eykst ánægjan aftur og mest mælist hún síðan meðal þeirra sem eru 60 ára eða eldri. Þetta samband ánægju og aldurs er vel þekkt úr öðrum könnunum, bæði hér-landis og erlendis.

### KARLAR ÁNÆGÐARI MEÐ LAUN, EN KONUR MEÐ SVEIGJANLEIKA

Ánægja með launakjör hækkar lítið eitt, en mat á launakjörum lækkaði tvö síðastliðin ár. Ánægja með launakjör jókst mikið 2009 í kjölfar kreppunnar, en þá myndaðist sérstakt ástand sem orsakaðist af launalækkunum og uppsögnum á almenna markaðnum sem hafði mikil áhrif á mat SFR félaga á eigin starfsaðstæðum. Lítil munur er á einkunum karla og kvenna á þeim átta þáttum sem eru mældir. Einkum er munur á viðhorfum karla og kvenna til launa og sveigjanleika. Karlar eru ánægðari með laun

en konur með sveigjanleika. Karlar segja oftast að ætlast sé til að þeir vinni yfirvinnu en konur. Þar segja 24% karla „alltaf“ en aðeins 7% kvenna. Einnig segjast konur fá meira svigrúm til að útrétta í vinnutímanum en karlar og þær segjast eiga auðveldara með að samræma vinnu og fjölskyldulíf en karlar gera. Einnig segjast konur eiga auðveldara með taka sumarfrí þegar þeim hentar en karlar.

Hvað varðar aðra þætti, þá er kynjamunur í svörum lítil. Lítil munur er á svörum karla og kvenna hvað varðar trúverðugleika stjórnenda, starfsanda og vinnuskilyrði og í heildina gefa karlar svipaða heildareinkunn og konur. Karlar gefa þó lítið eitt hærri einkunn fyrir ímynd stofnunar, en konur gefa á hinn bóginn hærri einkunn þegar spurt er um ánægju og stolt. Konur gefa líka lítið eitt hærri einkunn hvað viðkemur sjálfstæði í starfi.

### STJÓRNENDUR ÁNÆGÐIR

Skýrt mynstur í könnun SFR, líkt og öðrum könnunum af svipuðum toga, er að starfsfólk sem er herra í skipuriti er oftast ánægðara en aðrir starfsmenn. Könnunin nú sýnir einnig að stjórnendur eru að jafnaði meðal ánægðustu starfsstéttanna. Aðrar ánægðar starfsstéttir eru t.d. fólk í sölu- og afgreiðslustörfum og raunar er sú stétt með lítið eitt hærri heildareinkunn en stjórnendur.



## Happdrættið

Þátttakendur í könnuninni Stofnun ársins eru jafnframt þátttakendur í happdrætti. Þeir sem svöruðu könnuninni eiga möguleika á glæsilegum ferðavinningi, en gögnunum fylgdi happdrættismiði með númeri, sem vonandi allir hafa varðveitt, enda mikið í húfi. Dregnir voru út 15 vinningar sem eru gjafabréf hjá Icelandair og komu vinningar á eftirfarandi númer:

**70.138 - 91.661 - 100.977 - 110.047 - 114.163 - 117.853 - 121.381 - 122.587 - 151.207 - 201.961  
203.828 - 300.444 - 603.267 - 610.340 - 610.728.**

Mögulega leynast vinningshafar þarna úti og því minnum við þá sem ekki hafa enn athugað númerin á sínum miða að skoða hann vel.

Vinningshafar eru beðnir um að hafa samband við Jóhönnu Þórdórsdóttur á skrifstofu SFR, s. 525 8344 eða johanna@sfr.is. Þeir sem tóku þátt í könnuninni en hafa einhverra hluta vegna ekki lengur miðann sinn, eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Tómas Bjarnason hjá Capacent í síma 540 1000 eða tomas.bjarnason@capacent.is





# Niðurstöður á þáttunum átta

**Átta þættir voru mældir, líkt og fyrir ári: Trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægja og stolt.**

**Þættirnir átta eru samsettir úr þeim spurningum sem falla undir hvern þátt. Hverri spurningu er hægt að svara á fimm punkta kvarða (1-5) þar sem hærrí endi kvarðans gefur til kynna ánægju með það sem spurt er um en lægri endinn gefur til kynna óánægju. Valið á Stofnun ársins 2012 byggist á heildareinkunn sem er samsett úr framangreindum átta þáttum. Í samsetningu heildareinkunnar er vægi þáttanna átta ólíkt og er vægi þáttarins „trúverðugleiki stjórnenda“ mest í heildareinkunn (28%), en minnst er vægi sveigjanleika vinnu, ímyndar og sjálfstæðis í starfi (9%).**

**Vægi einstakra þátta í heildareinkunn byggir á því hve stórt hlutfall dreifingarrinnar hver þáttur skýrir af dreifingu allra spurninga. Tölfræðileg greining leiddi í ljós að spurningarnar áttu vel heima í viðeigandi þætti.**

## TRÚVERÐUGLEIKI STJÓRNENDA

Einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda hækkar lítillega, fer úr 3,70 í 3,74. Þetta er sama niðurstaða og 2010. Matið er byggt á spurningum um stjórnendur almennt, næsta yfirmann og hversu vel vinnustaðnum er stjórnað. Jákvæðast er matið meðal fólks sem hefur starfað skemmst í stofnuninni. Einnig eru stjórnendur jákvæðir en jákvæðast er þó fólk við sölu- og afgreiðslustörf. Starfsfólk minni stofnana metur trúverðug-

leika stjórnenda hærra en starfsfólk stærri stofnana, enda nálægð oft meiri. Hærrí einkunn er gefin í atvinnugreinaflokknum „verslunar- og sölustörf“ og „önnur opinber starfsemi“ en lægsta einkunn er gefin í flokknum „heilbrigðis- og félagsþjónusta.“

## STARFSANDI

Mat á starfsanda stendur í stað og er nú 4,09. Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda. Þeir sem hafa mannaforráð telja starfsandann lítillega betri en þeir sem ekki hafa mannaforráð. Þeir sem hafa starfað skemmst hjá stofnuninni telja starfsandann bestan, en þar á eftir koma þeir sem starfað hafa lengur en 15 ár hjá stofnuninni.

## LAUNAKJÖR

Einkunn fyrir þáttinn launakjör hækkar lítið eitt, fer úr 2,43 í 2,48. Matið er byggt á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samamburði á eigin launum og launum annarra á sambærilegum vinnustöðum. Ánægja með launakjör er meiri meðal þeirra sem hafa mannaforráð en þeirra sem ekki hafa mannaforráð og hún er einnig meiri meðal starfsmanna minni stofnana en stærri stofnana. Mest er ánægja með laun í hópi stofnana í flokknum „landbúnaður, orku- stofnanir og skógrækt“ en minnst í „heilbrigðis- og félagsþjónustu“.

## VINNUSKILYRÐI

Einkunn fyrir þáttinn vinnuskilyrði stendur nokkurn veginn í stað, fer úr 3,82 í 3,80. Matið er byggt á sex spurningum um ánægju með ýmsa þætti í umhverfinu, t.d. lýsingu, loftræstingu, tölvu- og tækjabúnað. Matið er jákvæðara meðal þeirra sem eru með mannaforráð, en einnig er meiri ánægja


meðal starfsfólks í minni stofnunum en í stærri stofnunum. Mest er ánægja með vinnuskilyrði í flokknum „landbúnaður, orku- stofnanir og skógrækt“ en minnst í flokkunum „löggæsla, dómstólar og fangelsi“ og „heilbrigðis- og félagsþjónusta“. Sú breyting varð á mælingunni núna að ánægju með bílastæði var sleppt úr þættinum.

## SVEIGJANLEIKI VINNU

Þátturinn sveigjanleiki fær nú hæstu einkunn af þáttunum átta. Sveigjanleiki vinnu var mældur með sama hætti nú og í fyrra, en nokkur breyting varð á þættinum í fyrra. Skv. mælingunni nú eykst sveigjanleiki nokkuð nú, eða úr 4,12 í 4,21. Þessi hækkan kemur nokkuð á óvart. Matið byggist t.d. á spurningum um hvort auðvelt sé að fara úr vinnu til að sinna aðkallandi erindum, ánægju með sveigjanleika og samræmingu vinnu og einkalífs. Sveigjanleiki er meiri meðal starfsmanna í minni stofnunum og meiri hjá konum en körlum. Einnig eykst sveigjanleiki með aldri, en minnkar með menntun. Þeir sem ekki hafa mannaforráð telja þessa tegund sveigjanleika meiri en þeir sem hafa mannaforráð.

## SJÁLFSTÆÐI Í STARFI

Mæling á sjálfstæði í starfi stendur í stað og fær einkunnina 4,20 en var 4,19 í fyrra. Þátturinn mælir hversu góð tók fólki finnst það hafa á starfi sínu, yfirsýn yfir starfið og áhrif sem fólk hefur í starfinu. Sjálfstæði í starfi vex með aldri og er einnig mestur hjá þeim sem starfað hafa lengst hjá stofnuninni, sem eðlilegt má teljast. Sjálfstæði í starfi er einnig meira meðal starfsmanna með mannaforráð en annarra og meira meðal starfsmanna í minni stofnunum en stærri.



### ÍMYND

Mat á ímynd stendur því sem næst í stað frá síðustu mælingu. Þátturinn fær einkunnina 3,71, en fékk 3,70 í könnuninni fyrir ári. Þeir sem hafa mannaforráð meta ímyndina jákvæðari en aðrir starfsmenn. Mat á ímynd er jákvæðara í minni stofnunum en stærri. Jákvæðast er matið í „mennta- og menningarstofnunum“ og „verslunar- og sölustörfum.“

### ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn „Ánægja og stolt“ er nú mældur í fjórða skipti og hækkar lítillega eftir að hafa lækkað tvö ár í röð. Einkunnin í ár er 4,04 en var 4,01 í fyrra. Þeir sem hafa mannaforráð eru lítillega ánægðari en þeir sem ekki hafa mannaforráð. Elsti starfshópurinn (60 ára og eldri) eru ánægðastir og ánægja og stolt er einnig meira í minni stofnunum en stærri stofnunum.

# Að taka mið af mannauðnum

## Hulda Anna Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri Fræðslusetursins Starfsmenntar

Það er gömul saga og ný að mannauðurinn skipti sköpum þegar viðhalda þarf velgengni og ná betri árangri. Að tefla fram öflugum mannauði sem kann til verka, nýtir þekkingu sína og sköpunarkraft og hefur vilja til að gera vel er mikilvægasta auðlindin sem hver eining býr yfir. Sú eining getur verið vinnustaður, félagasamtök, fjölskylda, íþróttalið eða jafnvel heilu þjóðfélögin sem þurfa að gæta að stöðu sinni í hinu stóra samhengi. Öll viljum við þróa áfram og viðhalda þeim lífskjörum og lífsgæðum sem byggð hafa verið upp í árána rás og þess vegna vinnum við, hvort sem það er launað eða ólaunað starf, og tökum þátt í að skapa okkur gott líf og umhverfi. Virkt og vel menntað, víðsýnt fólk er kjarni hverrar einingar sem kennir sig við velsæld og það ber ábyrgð á viðhaldi og vexti síns umhverfis, hvaða stöðu sem það gegnir.

Mannauðsefning er því hagur allra, hvort sem það er þjóðfélag sem vill standa vörð um eigin samkeppnishæfni, atvinnuleitandinn sem vinnur úr erfiðri stöðu með aukinni menntun eða starfsfólk sem vill njóta ávaxtanna af framlagi sínu. Allir búa

yfir hæfileikum og áhuga sem má draga fram og virkja bæði í einkalífi og starfi. Til að það takist sem best þarf að styðja við hæfnisupbyggingu starfsfólks með margskonar náms- og þjálfunarræðum og kynna betur þau fjölmörgu bjargráð sem til staðar eru. Á sama tíma þarf að styðja við þróun námsumhverfis innan stofnana svo að þær geti kennt sig við lærdóm sem og að tryggja að ný þekking sem starfsfólk aflar sér, sé miðlað áfram. Símenntun, ráðgjöf, stuðningur og starfsþróun eru leiðirnar sem má fara til að bæta gæði, árangur og starfsánægju um leið og samfélagslegur ávinningur er eflður.

### STAÐA MANNAUÐSMÁLA

Á vinnustöðum hafa mannauðsmál alltaf verið í brennidepli því öflugt starfsfólk er lykillinn að gæðastarfi og árangri stofnana. En greina má blikur á lofti í krefjandi verkefnum dagsins þar sem álag er mikið, skipulag stokkað upp, uppsagnir eiga sér stað eða þá að störf breytast ört. Þá er viðbúið að mannauðsefning sitji á hakanum og ekki gefist tími til að mennta starfsfólk til

að takast á við breytta stöðu. Hætt er við að stjórnun mannauðsins verði of viðbragðamiðuð í stað þess að vera framsækin og felist í því að slökkva elda og skella upp skyndinámskeiðum í stað þess að horfa til lengri tíma. Í þessum ólgusjó getur það gerst að stefna dofni, stoðkerfi staðni, skriflegar heimildir úreldist, fólk hætti að tala saman og skilaboð til starfsmanna um til hvers er ætlast verði óljós.



Fræðsluatriði Starfsmennt hefur um árabíl boðið stofnunum upp á þjónustu **Ráðgjafa að láni** til að aðstoða þær við að innleiða markvissa mannauðsstjórnun. Ráðgjafinn er þá lánaður til að sinna tímabundnu mannauðsverkefni og er hlutverk hans ekki eingöngu að veita góð ráð heldur vinnur hann á vettvangi og tryggir að afurð verkefnanna komist sem fyrst til framkvæmda.

## MANNAUÐSPJÓNUSTA STARFSMENNTAR

Verkefni Ráðgjafa að láni hafa verið afar fjölbreytt en algengast er þó að stofnanir hafi óskað eftir aðstoð við að sérsníða heildstæða starfstengda námsleið eða að undirbúa starfsmannasamtöl. Ráðgjafarnir aðstoða við að forgangsraða og greiða leið lærdóms á vinnustað með ýmsum aðferðum mannauðsstjórnunar. Helstu verkefni eru:

### SÉRSNIÐIÐ STOFNANANÁM

Starfsmennt býður stofnunum upp á sérsniðnar starfstengdar námsleiðir þar sem bæði er gætt að fagmennsku og sveigjanleika. Námsleiðirnar mynda heildarnámskerfi stofnana og er ýmist skipt upp í stutt námskeið eða stærri námslotur sem starfsmenn velja úr í samræmi við eigin fræðsluþarfir og framtíðarsýn stofnana. Stýrihópar, sem í eiga sæti jafnmargir starfsmenn og stjórnendur, ráða hraða, framboði og fyrirkomulagi náms og geta breytt áherslum ef breytingar verða á starfsumhverfi.

### STEFNUMÓTUN OG STARFSÞRÓUN

Ráðgjafar Starfsmenntar hafa komið að mótun starfsmanna-, jafnréttis- og heilsustefnu og lagt áherslu á virka stefnu í starfsþróun. Með því að hvetja starfsmenn til náms treysta stjórnendur grunn starfseminnar og auka líkur á jákvæðari vinnustaðarmenningu. Starfsþróun vísar til þess að starfsmenn geti þróað áfram færni sína, þekkingu og viðhorf og þannig nýtt hæfileika sína og dafnað í starfi. Starfsþróun má framkvæma með margskonar aðferðum sem stofnanir geta valið úr. Þar má nefna starfsmannasamtöl, símenntun, starfaskipti, starfsgreiningar og hæfnislýsingar starfa og ýmsar matsaðferðir eins og t.d. mat á raunfærni, frammistöðu eða áhugasviði.

### STARFSLÝSINGAR OG HÆFNIGREININGAR

Ráðgjafarnir hafa einnig unnið vinnustaðargreiningar og kortlagt starfs- og hæfnilýsingar. Framundan er í meira mæli en áður að skrá niður hæfnipætti hvers starfs og ákvarða síðan út frá því hvaða hæfni þarf að styrkja hjá einstaka starfsmanni. Gert er ráð fyrir að starfsmenn „vaxi upp“ í starfið sitt og að símenntun sé samofin því. Með hæfnigreiningunni er verið að styrkja hæfnimiðaða stjórnun þar sem tekist er á við fjölbreyttar kröfur um framtíðarfærni á vinnumarkaði. Með því að safna saman, skrá og ræða hæfni starfa er verið að efla þekkingarþróun stofnana.

### FARANDFYRIRLESTRAR

Starfsmennt býður upp á fjölbreytt úrval farandfyrirlestra þar sem stofnanir geta valið áhugavert viðfangsefni á tíma sem þeim hentar best. Markmið fyrirlestranna er að efla símenntun og starfsþróun opinberra



starfsmanna með því að gefa þeim kost á utanaðkomandi sérfræðingum til að fjalla um það sem efst er á baugi hverju sinni. Stofnanir um allt land geta óskað eftir að fá farandfyrirlestur í hús og valið úr 40 titlum.

### NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjöf er ætlað að styðja við símenntunaráætlun einstaklinga og ræða möguleika á frekari starfsþróun. Í ráðgjöfinni er fólk hvatt til virkrar þátttöku í uppbyggingu á eigin hæfni. Meginmarkmið ráðgjafarinnar er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi.

### ÁVINNINGUR

Árangur af starfi ráðgjafanna hefur í flestum tilfellum reynst góður og mörg umbótaverkefni hafa litið dagsins ljós. Lögd hefur verið áhersla á að afurðir Ráðgjafa að láni séu skýrt fram settar og hagnýtar. Til að tryggja það vinnulag hefur ráðgjafinn unnið í anda verklagsreglna Starfsmenntar þar sem lögd er áhersla á víðtækt samstarf, sérsníðna nálgun, sveigjanleika við úrlausn mála, gæði og endurmat. Þannig miðar málum áfram og við sækjum á bestu mannaúðsmiðin.

*Höfundur: Hulda Anna Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri Fræðslusetursins Starfsmenntar.*



## Ítarlegar upplýsingar fyrir stofnanir

Þáttökustofnunum gefst kostur á að kaupa skýrslur frá Capacent með gögnum fyrir sína stofnun, svo framarlega sem þátttaka starfsmanna uppfyllir skilyrði um lágmarkssvörun. Í þeirri skýrslu er gerð ítarleg greining á niðurstöðunum. Þá er meðaltal hverrar spurningar hjá viðkomandi stofnun borið saman við meðaltal allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við. Þeim sem áhuga hafa á frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Tómas Bjarnason hjá Capacent í síma 540 1000 eða tomas.bjarnason@capacent.is



# Nokkrar athyglisverðar spurningar og svör

**Að vanda er rýnt í spurningarnar og hér er stutt samantekt á nokkrum spurningum og svörum við þeim.**

## „SAMSKIPTI ERU OPIN OG HISPURSLAUS MEÐAL SAMSTARFSFÓLKIS MÍNS“

Einkunn fyrir þessa spurningu stendur í stað á milli ára. Þeim fækkar lítillega sem eru mjög sammála fullyrðingunni en á móti fjölgar þeim aðeins sem eru frekar sammála. Samtals eru tæp 77% mjög og frekar sammála fullyrðingunni. Við skoðun kemur í ljós að lítil munur er á svörum karla og kvenna og aldur eða menntun hefur einnig lítil áhrif á svörum við þessari spurningu. Hins vegar eru sterk tengsl á milli þess hve vel, illa félagsmenn telja vinnustað vera stjórnað og samskipta á vinnustað. Þeir félagsmenn sem telja að vinnustaðnum sé vel stjórnað eru líklegri til að vera sammála því að samskiptin séu opin og hispurslaus á meðan þeir sem telja vinnustaðnum illa stjórnað eru líklegir til að vera ósammála því að samskipti séu opin og hispurslaus.

## „ÉG BER FULLT TRAUST TIL STJÓRNENDA STOFNUNARINNAR“

Traust til stjórnenda eykst á milli ára þriðja árið í röð. Hér skiptir aldur starfsmanns nokkru máli en þeir sem eru eldri eru líklegri til að treysta stjórnendum en þeir sem yngri eru. Það hefur einnig áhrif í hvaða atvinnugrein félagsmenn starfa en félagsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu bera að jafnaði minna traust til stjórnenda sinna en félagsmenn í öðrum atvinnugreinum. Mest er traustið meðal félagsmanna í atvinnugreinunum Innh. menn/almannatr./lánasj. og Önnur opinb. starfs. og þjónusta. Traust til stjórnenda er einnig að jafnaði marktækt hærra í minni stofnunum og mikil fylgni er við það hversu vel/illa félagsmenn telja að stofnun sé stjórnað.


## „STJÓRNENDUR STOFNUNARINNAR SJÁ UM AÐ STARFSFÓLK HAFI MÖGULEIKA TIL AÐ ÞROSKA HÆFILEIKA SÍNA“

Lítill munur er á svörum eftir aldri, menntun eða kyni en byrjendur með 2ja ára starfsaldur eða minna eru frekar sammála því að þeir hafi möguleika til að þroska hæfileika sína og það sama á við um stjórnendur og starfsmenn við sölu og afgreiðslustörf.

## „ÞAÐ ER ÆTLAST TIL ÞESS AÐ ÉG VINNI YFIRVINNU SÉ ÞESS ÞÖRF“

Í ár eru það um 20% sem telja að aldrei sé ætlast til þess að þeir vinni yfirvinnu. Síðustu ár hefur þeim farið fjölgandi sem telja að aldrei sé ætlast til að þeir vinni yfirvinnu en nú fjölgar þeim lítillega sem eru sammála því að ætlast sé til þess að þeir vinni yfirvinnu sé þess þörf. Ólíkt spurningunum hér að ofan þá mælist mikil munur á milli kynja í svörum við þessari spurningu

Tafla 1. Það er ætlast til að ég vinni yfirvinnu sé þess þörf.





en karlar eru mun líklegri til að vera sammála fullyrðingunni en konur. Um 55% kvenna telja að aldrei eða sjaldan sé ætlast til þess að þær vinni yfirvinnu á meðan það eru aðeins 22% karla sem telja að aldrei eða sjaldan sé ætlast til þess að þeir vinni yfirvinnu. Að sama skapi eru um 52% karla og aðeins 22% kvenna sammála því að ætlast sé til af þeim að þeir vinni yfirvinnu. Hlutföll snúast því nánast alveg við eftir kyni. Menntun og starf hefur einnig áhrif en aukin menntun eykur líkur á kröfu um yfirvinnu og sömuleiðis telja stjórnendur og sérfræðingar og starfsfólk við sölu og afgreiðslustörf frekar en aðrir að ætlast sé til þess að þeir vinni yfirvinnu sé þess þörf. Yfir 60% skrifstofumanna telur að aldrei eða sjaldan sé ætlast til yfirvinnu af þeim.

**„ ÉG HEF SVIGRÚM TIL AÐ ÚTRÉTTA Í VINNUTÍMANUM ÞEGAR NAUÐSYN KREFUR (T.D. AÐ FARA TIL LÆKNIS EÐA Í BANKA)“**

Svigrúm starfsmanna til að útrétta eykst töluvert á milli ára og hefur verið að aukast síðustu ár. Konur eru líklegri til að vera sammála því að þær hafi svigrúm til að útrétta en karlar, eða um 85% kvenna á móti um 77% karla. En báðir hópar eru almennt mikið og frekar sammála því að svigrúm sé til að útrétta í vinnutímanum. Nokkur munur kemur fram eftir starfsstéttum en nú eru það skrifstofumenn sem oftast eru sammála fullyrðingunni. Starfsmenn sem vinna við löggæslu/dómstóla/ fangelsi eru líklegri til að vera ósammála fullyrðingunni. Að sama skapi fjölgar þeim einnig á milli ára sem eru sammála þeirri fullyrðingu að þeir eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

**„ Á HEILDINA LITIÐ LÍÐUR MÉR VEL Í STARFI MÍNU“ ásamt spurningunni „Á HEILDINA LITIÐ ER ÉG ÁNÆGÐ(UR) Í STARFI MÍNU“**

Það er nokkuð athyglisvert að skoða svör við þessari spurningu. Mikill meirihluti og heldur fleiri en í fyrra eru mjög og frekar sammála því að þeim líði vel í starfi eða um 84,6% á móti 82,4% í fyrra. En ef við skoðum aðeins þá sem eru mjög sammála þá fækkar þeim hlutfallslega á milli ára. Þeim sem eru mjög og frekar ánægðir í starfi sínu fjölgar einnig nokkuð á milli ára en einnig þar er sama þróunin og varðandi vellíðan í starfi, þeim fækkar á milli ára sem eru mjög sammála því að þeir séu ánægðir í starfi en þeim fjölgar sem eru frekar sammála því að þeim líði vel í starfi sínu. Lítil munur er á svörum eftir kyni. Ef litið er á aldur þá svara þeir yngstu og elstu frekar á þá leið að þeim líði að jafnaði vel í starfi.



**„LAUN STARFSFÓLKS STOFNUNARINN- AR ERU ÁKVEÐIN AF SANNGIRNI“ ásamt spurningunni „TELUR ÞÚ VINNUVEITANDA PINN VEITA BETRI, SVIPUÐ EÐA VERRI LAUNAKJÖR EN GERT ER Á ÖÐRUM SAMBÆRILEGUM VINNUSTÖÐUM?“**

